


Heilbrigðisstofnun Suðurlands
sjúkrahús og heilsugæsla
v/Árveg 800 Selfoss
sími 480 5100 fax 480 5101

Alþingi
Erindi nr. P 139/1970
komudagur 6.4.2011



Heilbrigðisstofnun
Suðurlands

4. apríl 2011

Til Heilbrigðisnefndar Alþingis
c/o Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn stjórnar hjúkrunar- og ljósmæðraráðs Hsu um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, þingskjal 967 - 575. mál. Lagt fram á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

Stjórn hjúkrunar- og ljósmæðraráðs Hsu hefur skoðað nýjustu drög að lögum um heilbrigðisstarfsmenn, en umsagnir eiga að berast Alþingi í síðasta lagi þann 4. apríl.

Í 13. gr. frumvarpsins er búið að bæta eftirfarandi setningu inn í lögina:
Læknir ber ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með.

Við leggjum til að hér á eftir komi eftirfarandi setningar:

Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á hjúkrun einstaklinga eða þeirra sem til hans leita og hann hefur umsjón með. Óheimilt er að ráða aðra en hjúkrunarfræðinga til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrahöfnir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

Ljósmæður bera ábyrgð á ljósmæðrafræðilegri meðferð þeirra kvenna sem til þeirra leita og þær hafa umsjón með. Ljósmæður sinna konum á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu. Óheimilt er að ráða aðra en ljósmæður til ljósmæðrastarfa.

Virðingarfyllst

fyrir hönd stjórnar hjúkrunar- og ljósmæðraráðs Hsu

Sigríður Pálsdóttir
formaður hjúkrunar- og ljósmæðraráðs Hsu.